

Tilkynning frá Stjórn Reykjaneshafnar

Á fundi Stjórnar Reykjaneshafnar þann 8. október 2015 var tekið fyrir rekstraruppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2015 ásamt útkomuspá fyrir árið 2015. Samkvæmt áætlun fyrir árið 2015 var gert ráð fyrir rekstrarhalla upp á kr. 114 milljónir króna, en samkvæmt útkomuspá verður hann 338 milljónir króna.



Reykjaneshöfn - rekstraruppgjör fyrstu sex mánuði ársins og útkomuspá 2015

	30.06.15	Útkomuspá 2015	Áætlun 2015	2014
Rekstrartekjur				
Seld þjónusta.....	112.045.958	205.902.004	172.570.000	184.200.716
Leigutekjur.....	32.667.839	36.630.720	40.500.000	42.704.499
Lóðargjöld og efnissala úr námum.....	0	0	0	0
Aðrar tekjur.....	736.524	43.000.000	515.600.000	382.383.140
	145.450.321	285.532.724	728.670.000	609.288.355
Rekstrarkostnaður				
Laun og launatengd gjöld.....	33.528.283	77.704.893	65.807.000	69.043.456
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	2.839.832	5.500.000	5.000.000	5.385.400
Námuvinnsla vegna efnissölu.....	0	0	0	6.993.945
Annar rekstrarkostnaður.....	44.214.554	86.622.908	317.865.000	79.151.042
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	8.101.351	11.315.858	10.590.000	21.037.871
	88.684.020	181.143.658	399.262.000	181.611.714
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	56.766.301	104.389.066	329.408.000	427.676.641
Afskriftir mannvirkja og annarra eigna.....	22.098.978	48.650.000	48.650.000	45.109.438
Afkoma fyrir fjármagnsliði	34.667.323	55.739.066	280.758.000	382.567.203
Fjármagnsliðir.....	164.462.516	394.008.353	395.582.000	486.034.439
Rekstrartap ársins	-129.795.193	-338.269.287	-114.824.000	-103.467.236

Á fundinum var lögð fram eftirfarandi tillaga og samþykkt:

Með hliðsjón af fjárhagsstöðu Reykjaneshafnar er lagt til að höfnin fari í viðræður við kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu á skuldbindingum hafnarinnar og verði það gert samhliða viðræðum Reykjaneshafnar við kröfuhafa sveitarfélagsins. Formanni stjórnar og hafnarstjóra er falið að fylgja málinu eftir.